



Dalapósturinn

8. tölublað 2011

Félagsleg liðveisla

Starfsmaður óskast í félagslega liðveislu í Búðardal þrjá föstudaga í mánuði kl. 12-17. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SDS.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn Pálsson sveitarstjóri í síma 430 4700 eða Inga Vildís Bjarnadóttir félagsráðgjafi í síma 433 7100.

Umsóknir sendist á netfangið sveitarstjori@dalir.is eða á skrifstofu Dalabyggðar, bt. sveitarstjóra, Miðbraut 11, 370 Búðardal.

Búfjáreftirlit

Búnaðarsamtök Vesturlands hafa tekið við búfjáreftirliti í Dalabyggð. Bændum er bent á að senda haustskýrslur beint til Búnaðarsamtaka Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes. Einnig er hægt að skila skýrslum á skrifstofu Dalabyggðar.

Skipulagsmál

Umhverfisnefnd Dalabyggðar vill minna íbúa á leyfisveitingar fyrir gáma og hjólhýsi samkvæmt byggingarreglugerð. Stöðuleyfi getur gilt mest eitt ár í senn. Samanber umfjöllun nefndarinnar á fundi 20. október 2011.

Norræni skjaladagurinn 2011

Í tilefni norræna skjaladagsins laugardaginn 12. nóvember er opið hús hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu kl. 13-18 á annarri hæð stjórnarsýsluhússins. Þar verður lítil sýning tengd þema dagsins „Verslun og viðskipti“.

Á sameiginlegum vef skjalasafnanna www.skjaladagur.is má finna fjölbreytt framlög héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns tengd verslun og viðskiptum alls staðar af landinu. Einnig er hægt að lesa efni frá eldri skjaladögum.

Annað af framlögum Héraðsskjalasafns Dalasýslu á vef skjaladagsins er frásögn sem Hugrún á Fjósum skrifaði sérstaklega fyrir safnið í tilefni dagsins. Héraðsskjalasafn Dalasýslu varðveitir fleira en gömul opinber skjöl. Skráðar frásagnir úr daglegu lífi eru ekki síður fróðlegar. Því auglýsir safnið eftir frásögnum tengdum verslun og viðskiptum Dalamanna. Gott er að hafa í huga að hugtakið verslun og viðskipti snýst um meira en beinan verslunarrekstur.

Ekki skiptir máli hvort frásögnin er gömul eða ný, né þarf heimildamaður að vera aldraður. Eina skilyrðið sem frásögnin þarf að uppfylla er að hún tengist verslun og viðskiptum í Döllum eða Dalamönnum. Tekið er á móti frásögnum hvort þær eru handskrifaðar eða vélritaðar, en mikilvægt að gæta þess að þær séu merktar heimildarmanni. Hægt er að mæta með frásagnir í opið hús laugardaginn 12. nóvember eða senda í pósti, bréfleiðis eða rafrænt. En endilega taka þátt, þótt ekki séu nema nokkrar línur.

Eitt af markmiðum skjaladagsins er að efla vitund fólks um að skjalasöfn séu tryggir vörslustaðir skjala af hvaða tagi sem er. Fundargerðabækur, bréf, myndir og fleiri skjöl eiga erindi á skjalasöfn. Hægt er að hafa samband við Héraðsskjalasafn Dalasýslu hafi menn undir höndum skjöl sem þeir vita ekki hvað á að gera við.

Dalamenn og nágrennar eru því velkomnir á laugardaginn. Hægt er að skoða sýninguna, fræðast um starfsemi héraðsskjalasafnsins, afhenda gögn eða frásagnir eða bara til að sýna sig og sjá aðra.

Héraðsskjalasafn Dalasýslu, Miðbraut 11, 370 Búðardalur – safnamal@dalir.is